



## Húnaþing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi  
Sími 455 2400 • Fax 455 2409  
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	10. 7. 2
Innk.	
11. JAN. 2012	
Ábm.	H6
SLR	11100054

Hvammstangi 10. janúar 2012

Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið  
b.t. Hinriks Greipssonar  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík.

### Varðar: Sérstakar reglur um úthlutun byggðakvóta 2011/2012.

Á fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 9. janúar sl. var m.a. eftirfarandi fært til bókar:

Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 66 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2011/2012:

Ákvæði reglugerðar nr. 1182 frá 2011 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 1182/2011 frá 21. desember 2011, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár nú 2008/2009, 2009/2010 og 2010/2011.
- Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1182/2011 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

